

Hafnarfjarðarbær boðaði til opins íbúafundar um málefni eldri borgara fimmtudagskvöldið 11. febrúar frá kl. 18:00-20:30. Fundurinn var haldinn í Hraunseli og hátt í 100 manns sóttu fundinn.

Fundurinn var með opnu sniði og dagskráin var ákveðin á staðnum. Fundargestir skrifuðu hugmyndir á gula miða sem síðan voru flokkaðar í umræðuflokka. Eftirfarandi umræðuflokkar voru teknir fyrir hver á sínu borðinu: Hugmyndafræði, umhverfi og samgöngur, kaup og kjör, búseta, tómstundir, þjónustan heim og hjúkrunarheimili.

Hér að neðan er afrakstur hópavinnu sem er ætlað að skila sér beint inn í vinnu á sviði öldrunarmála í Hafnarfirði.

Hugmyndafræði

Forvarnir

Heilsugæslan á Sólvangi í dag: tók þátt í að hanna hana. Heilsugæslan þröng. Þarf stærra rými

Ódýrara að verja og hugsa um heilbrigði en lækna fólk sem er orðið veikt.

Nýtt – bæta við heilsugæslustöðina á Sólvangi, þarf að stækka hana.

Forvarnir – koma í veg fyrir að fólk verði veikt og líði illa. Á heima í orðræðunni sjálfri.

Niður með sjúkdómavæðingu, niður með aumingjavæðingu.

Leggja áherslu á heilbrigði, getu, sjálfræði.

Meiri blöndun aldurshópa. Minna að draga fólk í dilka eftir aldurshópi.

Velja sér búsetukost.

Málaflokkurinn hefur verið hýstur innan heilbrigðiskerfisins sem er sjúkdómakerfi.

Horfa á fólk sem heilbrigt.

Hvað getur bærinn gert: orðanotkun, hugtök renna sitt skeið. Jákvæð geta orðið neikvæð.

Leggja áherslu á heilsugæslustöðvarnar, taki mið af öllu fólk. Frumskilyrði.

Öldruð manneskja – eftirlaunakona.

Vill einhver kynna sig sem aldraða manneskju.

Ekki nota „þegi“ t.d. lífeyrisþegi.

Tekur vald af fólk og veikir fólk. Vera gerandi en ekki þiggjandi. Jákvæðni í orðanotkun.

Hvað vill fólk gera – leggja til.

Hafa eitthvað að gera – það er afleiðing af því að skorta hlutverk.

Orku til að hugsa nýtt, framkvæma nýtt.

Plastkort – frítt hér og frítt þar. Otað að manni korti. Ákveðinn aldur, fer að fara bónaveg, að biðja. Umdeilt að hafa afslátt. Frekar halda áfram að vera með eðlileg eftirlaun. Umdeilt.

Hlutverk – hvert er það? Ég gegni sama hlutverki og hef alltaf gert – er húsmóðir. Ættmóðir.

Það er ekkert í boði nema halda sjálfri sér gangandi og vera lifandi.

Hafa sjálfstæði og jákvæða afstöðu til lífsins.

Verðum að trúa á okkur sjálf.

Vantar metnað í unga fólkið.

Láta ríkisstjórnina herja á okkur og taka burt fyrirtæki eftir fyrirtæki.

Þjónusta flytur úr sveitarfélaginu.

Heimahjúkrun á að vera í Hafnarfirði fyrir Hafnfirðinga. Forvarnir og heilbrigði, heimahjúkrun heyrir undir sjúkdómþjónustu. Afstaða fólks í þjónustunni – umgengi inn á heimilið, hringja bjöllu – nærgætni sem gestur á heimili. Vantar þekkingu, hugmyndafræðilega þekkingu til að nálgast viðfangsefnið, ekki nóg að kunna verkin sín – heldur líka að vera inni á heimili fólks.

Heimþjónusta – allar heilbrigðisstéttir þurfa að fá aukna áherslu á hið heilbrigða.

Þjónusta vel og sem næst fólki, vera í heimabyggð.

Vinna út frá heilbrigði. Forvörnum.

Húsnæði þar sem er samneyti, ekki einangrað í búsetu.

Félagsskapur skiptir gríðarlegu máli.

Samskipti við bæinn þurfa að vera í lagi. Starfsfólk í Hjallabraut 33 þarf að bæta. Ath fulltrúi bæjarins í stjórn húsfélagsins.

Viðhald, halda opnum leiðum, salta, sanda.

Vilja ekki ræða pólitík. (vegna miða um burt með bæjarstjórnann, bæjarstjórnina burt, nýja bæjarstjórn)

Af hverju þarf sérstakt félagsheimili fyrir þennan aldurshóp. Það er til einmana fólk á öllum aldri, það er hægt að vera einmana innan um hóp af fólki.

Segregerandi hús. Myndi vilja sjá opið amk einn dag í mánuði þar sem væri staddur einstaklingur sem gæti upplýst fólk um réttindi.

Bærinn: Fræðsludagur um réttindamál. Hafa eyðublöð á staðnum.

Umboðsmenn í sveitarfélögum, ekki bara alþingi.

Versta sem hendir aldraða er að vera lifandi dautt.

Samantekt

Veita góða þjónustu í nærumhverfi, neytendur hafi áhrif. Leggja áherslu á að vernda heilbrigði og virkar forvarnir. Samfélag án aðgreiningar þar sem einstaklingar eru gerendur en ekki þiggjendur.

Umhverfi og samgöngur

Vegakerfið, göngu og hjólastígar.

Vegakerfið hér í Hafnarfirði. Býr í Setbergskerfi. Er í fjötrum þar. Vegakerfið ber ekki alla þessa umferð. Komast ekki inná Reykjanesbrautina. Fjölgun á stórum bílum. Eldra fólk sem á heima utan hverfisins þorir ekki inní hverfið. Þarna þarf að taka á. Átti að vera keyrslugöng undir torgið. Hættuleg braut Reykjanesbrautin tekur við allri umferðinni. Er eins og gettó. Neðanjarðarakstursbrautartenging.

Flott gatnamót við Ikea. Er það mikilvægara. Eins Garðabær þar eru mislæg og eins við Kópavog.

Eldri borgarar hræddir við að fara inná brautina.

Bæta göngu og hjólastíga. Göngustígar margir ágætir en vantar að hreinsa. Yfir veturinn eru þeir hræðilegir. Ekki hægt að labba í Setberginu. Lífshættulegt.

Þarf að hreinsa með sjónum. Herjólfgata full af hálfu. Kostar þjóðfélagið mikið. Betri mokstur á göngustígum. Hætta að ryðja uppá göngustígana. Ómögulegt að komast þar framhá. Hrikalegt hvernig þeir ryðja. Þvert á göngustíga og fólk kemst ekki leiðar sinnar.

Hugsa fram í tímann og hafa upphitaða göngustíga. Leggja áherslu á að klippa tré sem standa fram á göngustíga.

Garðvinna.

Klippa tré og runna þannig að hægt sé að ganga á göngustígum. Hægt að fá þá þjónustu að þrifa lóðir fyrir eldri borgara.

Samgöngur

Þétting strætóferða og akstursþjónusta aldraðra. Vantar strætó út Herjólfgötu og út að Hrafnistu en hann gengur bara hálfan daginn. Meiri ferðaþjónusta fyrir eldri borgara.

Aldraðir eiga ekki endilega eitthvað sameiginlegt með fötluðum.

Gott væri að fá ferðaþjónustu í slæmri ferð.

Væri hægt að setja í gang aftur ofanbyggðaveg?

Ólafur Ingi. Vegurinn átti að koma frá Straumsvík og inni Kópavog. Nú er búið að blása af framhjá Vífilsstaðavatni. Nú er sameiginlegt skipulag. Garðabæingar verða að setja veginn hjá sér koma hjá Urriðvatni. Komi önnur leið út úr Hafnarfirði þannig að hægt sé að velja aðra leið út úr bænum.

Vilja fá undirgöng frá Kaplakrika fyrir umferð suður í Keflavík. Ofanbyggðavegur kemur en óvíst hvenær.

Af hverju er ekki kláruð tvöföldun á Reykjanesbrautinni? Hafnfirðingar eru látnir sitja eftir. Allt fjármagn í vegamál fer í jarðgöng út á landi.

Hvað eru stjórnendur Hafnarfjarðar að gera í þessum málum? Ekkert er verið að gera.

Búið að tala við þingmenn og ráðherra um samgöngumál í Hafnarfirði, segir Ólafur Ingi.

Kaup og kjör

Fasteignagjöld – fasteignaskattur

Fasteignagjöldin hækkuð en annað kom til lækkunar

Erfitt að átta sig hver raunstaðan er eftir breytingar – þ.e hvort gjöld hafi lækkað eða hækkað í raun.

Aukinn afsláttur á fasteignagjöldum styður við sjálfstæða búsetu eldri borgara og hjálpar þeim að búa lengur í eigin húsnæði.

Einnig mikilvægt að afsláttur af fasteignagjöldum gagnist helst þeim sem lægstu tekjurnar hafa.

Matarverð – bæði heimseint og á heimilum – t.d. á Hjallabrautinni og þjónusta bæjarins

Of mikil hækkun á heimsendum mat. En tekjurnar hafa ekki hækkað á mótí.

Hollari mat á viðráðanlegu verði.

Gjaldskrá bæjarins hvað varðar þjónustu fyrir eldri borgara verði borin saman við gjaldskrá annarra sveitarfélaga og tryggt að gjaldskrá Hafnarfjarðar sé samkeppnishæf.

Mikilvægt að fá gögn með samanburð á stöðu eldri borgara í Hafnarfirði og annarra svipaðra sveitafélaga.

Áður var lofað ókeypis internet þjónustu fyrri eldri borgara en það gæti verið góð búbot fyrir eldri borgara.

Laun eldri borgara – eftirlaun

Laun eldri borgara hækki afturvirkir eins og hjá öðrum hópum í samfélaginu.

Tryggja verður fjárhagslegt öryggi aldraðra.

Lágmarkslífeyrir verður að duga fólki til framfærslu og sómasamlegs lífs.

Ummönnunarbætur fyrir maka eru mikilvægar þar sem skortur er á hjúkrunarrýmum og mikilvægt að koma til móts við það.

Greiðslur frá Tryggingastofnun skerðast við of lág tekjuviðmið og það á að taka mið af framfærslukostnaði.

Annað

Hlutdeild eldri borgara í lyfjakostnaði hefur aukist á undanförunum árum og þeirri þróun þarf að snúa við.

Hvað kostar eitt fullnýtt hjúkrunarrými á ári? Sparnaður fólgin í sjálfstæðri búsetu eldri borgara

Samantekt

Kaup og kjör eldri borgara eru lág miðað við framfærsluviðmið. Við köllum eftir samanburði á kjörum eldri borgara í Hafnarfirði og öðrum sveitarfélögum.

Að draga úr félagslegri einangrun og Búseta

Flokkar:

1. Draga úr félagsleg úrræði
2. Fjölbreytt búsetuúrræði
 - a. Þjónustuíbúðir
 - b. Leiguhúsnaði

Draga úr félagslegri einangrun

- Að þjónustumiðstöðvar verði byggðar nærri íbúðum fyrir aldraða.
- Rætt um þjónustumiðstöðina á Sólvangi verði alhliða þjónusta við aldraða.
- Miðlægar þjónustumiðstöðvar svo aðgengi sé gott
- Ekki „hrúga“ öllum saman heldur að fólk sé með svipaða heilsu. Ekki blanda saman mjög veikum fólki og heilbrigðu.
- Byggja þjónustumiðstöð við Sólvang
- Styðja við að fólk geti verið heima sem lengst
- Byggja heilsueflandi þjónustukjarna.
- Að aðstoða fólk áður en það þarf á mikilli hjálp að halda, fyrirbyggjandi aðgerðir.
- Þjónustumiðstöðvar fyrir heilbriggt fólk.
- Fleiri heimsóknarvinir
- Nýta tæknina betur. Sem dæmi er kór syngur í félagsmiðstöð að fólk sem er heima geti fylgst með.

Þjónustumiðstöðvar sem sameina undir sama þaki heilsueflandi frístunda og menningarlegt félagsstarf eldri borgara, hvort sem þeir hafa sjálfstæða búsetu eða eru íbúar hjúkrunarheimila eða dagþjónustu gestir.

Fjölbreytt búsetuúrræði

- Húsnaði með bílskúr
- Ekki allir í blokkir
- Byggja í bland, blokkir, raðhús og lítil einbýlishús með bílskúr í bland á sama stað með þjónustukjarna fyrir eldri borgara.

- Þarf aukið framboð af leiguíbúðum af öllum stærðum og gerðum

Samantekt

Þjónustumiðstöðvar sem sameina undir sama þaki heilsueflandi frístundastarf og menningarlegt félagsstarf eldri borgara, hvort sem þeir hafa sjálfstæða búsetu eða eru íbúar hjúkrunarheimila eða dagþjónustu gestir. Einnig má efla þjónustu við fólk sem ekki á heimangengt t.a.m með að nýta tækni (velferðartækni) til að það geti fylgst með viðburðum í þjónustumiðstöðvum eða á öðrum áhugaverðum viðburðum.

Byggt verði fjölbreytt húsnæði bæði til kaups og leigu. Hér er átt við íbúðir í blokk með bílastæði í kjallara, raðhús og lítil einbýlishús með eða án bílskúrs.

Tómstundir

Fræðsla fyrir aldraða

Það er búið að auglýsa tungumálanámskeið hjá Félagi eldri borgara. Bókmenntaklúbburinn hefur einnig reynst vel í hlutverki sínu fyrir fræðslu. Hluti af því sem bærinn er að gera til að sinna fræðslu til eldri borgara. Fyrirlestar og námskeið t.d. í Íslendingasögum – nýta þá sem eru í félaginu til að halda námskeið. Kanna áhuga fyrir þátttöku. T.d. var enska kennd fyrir áramót en ekki var áhugi fyrir því eftir áramót. Námskeiðið var kennt í Flensborg.

Hreyfing

Mjög gott starf hjá FEBH hvað varðar hreyfingu. Leikfimi, sundleikfimi, línudans, Haukahúsið, dansleikfimi, Chi Gong. Mikil áhersla á hreyfingu hjá félaginu. Gullmoli Sigga í Bjarkarhúsinu. Einnig er gönguklúbburinn í Kaplakrika. Almenn ánægja með hreyfingu en það er e.t.v. ekki nægilega vel auglýst. Það er verið að reyna að efla heimasíðu bæjarins og FEBH. Dagskrá FEBH er vel auglýst í sjónvarpsdagskránni.

Gera markvissa áætlun um forvarnir aldraðra svo að heilsan haldist lengur góð. Hér er mataræðið mikilvægt og þarf að hafa í huga við heimsendingu matar.

Samantekt

Efla hreyfingu fyrir aldraða – markviss hreyfing í forvarnarskyni. Það er flest til staðar í félagsstarf aldraðra en fólk þarf að kynna sér betur það sem er til staðar.

Þjónustan heim

Matarmál

- Hvernig hann er borinn fram, hvort hægt sé að velja á milli rétta. Ekki rétt að samningur hafi verið útrunninn HFJ sagði upp. Matarbakkar auðveldir að opna, ekki hafa plast utanum, umhverfisvænt, næringarríkur, líti vel út, lystugur. Mikil breyting á matnum eftir skiptin - var fínn áður.
- Kom fyrirspurn varðandi hver sparnaðurinn er, maður frá Skútunni sagði frá að munurinn hafi verið 50 kr.
- Er spáð í hvort þetta er í heimabyggð sem er verið að skipta við.

- Ekki góður matur – Skipta frekar við Skútuna.
- Endurskoða samning og segja honum upp við ISS

Dagvistun

- Heimahjúkrun áhyggjur af þjónustunni ef hún flytur úr HFJ til Kópavogs. Fólk vill ekki að hún sé á vegum ríkis heldur sveitafélagsins.
- Heimþjónusta fær sjaldan þjónustu líða margar vikur á milli, vilja fá þjónustu til að vinna í görðum hjá eldri borgurum. Óánægja með störf starfsfólksins.

Hvað viljið þið.

- Að það sé sami sem kemur, lánmarkskurteisi, fá líka hjálp í garðvinnu. Úthlutað tíma og gæti ráðstafað því sjálf. Vera hluti af því að fá að taka þátt í þrifum og vera með í þegar verið að velja starfsfólk inná heimilið að þetta sé persónutengt. Þetta sé á ákveðnum tímum. Starfsfólkið fái góð laun. Að starfsmönnum sé gefinn rúmur tími til að sinna verkum.

St. Jósefsspítali

- Hann er heiður Hafnarfjarðar á að nýta hann.
- Hafa sjúkrahótel, nauðsynlegt að nýta hann.
- Þar gætu verið hvíldarinnlagnir.
- Að nýta hann fyrir þá sem eru að koma af sjúkrahúsum og geta ekki komið heim.

Virkja aldraða betur ekki ofala.

Samantekt

- Matur verði góður, fjölbreyttur og næringarríkur.
- Heimahjúkrun og heimþjónusta verði á vegum Hafnarfjarðarbæjar.
- St. Jósefsspítali verði nýttur fyrir eldri borgara.

Hjúkrunarheimili

Hjúkrunarheimili, ? tvö í viðbót. Hjúkrunarheimili á Sólvangi og Völlum, byrja á Sólvangi.

Skarðshlíð var tilbúið. Ákvörðun um Sólvangi. Ekki allir sammála en það er niðurstaðan.

Í hönnunarferli.

Umræða um hjúkrunarheimili, breytingar á eldra húsi í samræmi við nútímakröfur

Hef unnið á hjúkrunarheimili, tveir í herbergi.

Umræða um St. Jósefsspítali; Fyrir hjúkrunarheimili, hvíldarinnlögn, bið eftir plássu á hjúkrunarheimili, sammála, áhyggjur af kostnaði, þarf að skoða vel sammála.,

Stóð til að breyta í elliheimili en þótti ekki hentugt. Dagvistun á Sólvangi

Fólk undir sextugt á öldrunarheimili, heilablóðfall, heilabilun,

Hélt að hægt væri að nýta St. Jós fyrir biðinnlagnir. Ætti ekki að þurfa mikið til.

Ætti að reyna nýta St. Jós ef mögulegt er til að létta á Landspítalanum.

Hjúkrunarheimili með sérþýli. Mikilvægt að fólk geti haldið reisu sinni.

Skoða það sem er núna vinsælasta heimilið, Mörk, Ísafold(aðeins of stórt), Borðsalur fyrir 10

Hjónarými

Fram til 1985 voru 85 vistmenn á Sólvangi.

Umræður um breytingar á hjúkrunarheimilum þegar fjölbýlisstofum var fækkað (350) rúm

Margir lentu á Landsspítala og bygging á nýjum heimilum er dýr.

502 rými ekki einbýli, kostar 28 miljarða.

Vistunarmat til að komast inn. Mjög þétt sía. Vistunarmat.

Heimahjúkrun, Biðlisti bæði eftir heimaþjónustu og heimahjúkrun

Gefst betur að tala við Karitas eða Krabbameinsfélagið.

Óánægja með biðlista eftir heimaþjónustu og spurt um ástæðu,

Vistunarmat: Mörgum finnst það mjög miðlægt og

Biðlisti eftir hjúkrunarheimilinu, mátt velja 3, Sólvangur ekki vinsæll vegna fjölbýla.

Margar stofnanir að flytja úr bænunum

Umönnunarbætur fyrir að hugsa um veikan maka fram að 67 ára aldri. Skoða næstu skref

Þjónusta við aldraða á stofnunum: Hvað á að vera á svona stofnun: Allt sem er í heimahúsum

Hvað eigum við að leggja áherslu á: Sameiginleg rými, sjúkraþjálfun, vinnustofa, gönguferðir, hreyfing, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfarar, Skipta um umhverfi, hárgreiðsla og fótsnyrting, Handavinnustofa.

Þjónustuíbúðir; Hvaða þjónusta er þá í boði Allir sá fjöldi eldri borgara sem er kominn í Skipalón, engin þjónusta á staðnum. Skoða þetta, hvað viljum við sjá: Árskógar með þjónustumiðstöð þar sem hægt er að sækja afþreyingu innanbæjar. Vantar fjármagn

Samantekt

Hvar er fjármagnið sem við borgum í Framkvæmdasjóð aldraðra? Við viljum fá það í uppbyggingu.

Búum öldruðum áhyggjulaust ævikvöld.

Framkvæmd fundar og áhrif hans

Í lok fundar voru þátttakendur beðnir um að draga saman hvað þeim fannst um fundin og hver áhrif hans yrðu.

-mjög sátt, öðruvísi en átti von á. Hélt að ég mætti sitja úti í horni og segja ekki neitt. Ekki félagslyndur, nýtt að koma í svona fjölmenni. Leist ágætlega á.